

Skagafjarðarveitur ehf.

Fundur 107 – 03.11.2008

Mánudaginn 3. nóvember, árið 2008, kom stjórn Skagafjarðarveitna ehf. saman til fundar kl. 15.00 að Borgarteigi 15 Sauðárkróki.

Mættir voru stjórnarmennirnir: Einar Gíslason, Páll Dagbjartsson og Pétur Valdimarsson, Páll Pálsson veitustjóri, Árni Egilsson sem ritaði fundargerð.

DAGSKRÁ:

1. Fjármál fyrirtækisins í breyttum aðstæðum.
2. Breytingar á innheimtu reikninga.
3. Staða framkvæmda
4. Erindi til Iðnaðarráðuneytisins.
5. Önnur mál.
 1. Bréf frá Björgunarsveitinni Skagfirðingasveit

Afgreiðslur:

1. Páll Pálsson fór yfir fjármálastöðu Skagafjarðarveitna ehf. Samþykkir stjórn Skv. að óska eftir láni frá Lánasjóði Sveitafélaga ohf. að upphæð 50 milljónir króna í gengum lánapakka Sv. Skagafjarðar til að lagfæra lausafjárstöðu Veitnanna.
2. Samþykkt að breyta útsendingu hita - og kaldvatnsreikninga frá og með nk. áramótum í mánaðalega útsendingu. Hingað til hafa þessir reikningar verið sendir út á tveggja mánaðarfresti.
3. Páll fór yfir stöðu framkvæmda, hitaveituframkvæmdum Út að austan er rétt að ljúka. Kaldavatnstankur við Steinstaði verður tengdur á næstu vikum. Boranir eru hafnar í Kýrholti.
4. Samþykkt að senda Iðnaðarráðuneytinu erindi varðandi verðbætur og vexti á styrk til nýrra hitaveitna. Veitustjórna og formanni falið að vinna að málinu.
5. Önnur mál.
 1. Bréf frá Björgunarsveitinni Skagfirðingasveit dags. 2. nóvember 2008 þar sem farið er fram á styrk til endurnýjunar snjóselaðakost Skagfirðingasveitar. Stjórn Skagafjarðarveitna bendir á að Veiturnar er nú með styrktarsamning við Skagfirðingasveit til ársins 2012 og sér sér því ekki fært að verða við þessari styrkbeiðni.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16.05
Árni Egilsson ritari (sign)

Einar Gíslason (sign)
Páll Dagbjartsson (sign)
Pétur Valdimarsson (sign)
Páll Pálsson (sign)

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.
This page will not be added after purchasing Win2PDF.